

Stjórnarfundur TSÍ 15.08.07.

Mættir: Skjöldur, Jón Gunnar, Gunnar, Raj og Ingólfur.

- Raj vill ræða betur hvernig fjármagni skuli vera ráðstafað, sérstaklega varðandi landsliðsmál. Ath. Daviscup / Fedcup, þar sem eytt er miklum peningum í fáa einstaklinga. Gunnar leggur til að skilgreina þurfi hvað þarf til, svo að fólk fái að fara á þessi mót. Þarf að setja reglur, t.d. að mæta í mót hér heima áður o.fl. Einnig taka tillit til æfingagjalda. Allir voru sammála um skilgreina þurfi strangari kröfur um þetta. Meira um það síðar.
- Rætt er um að fara þurfi í markmiðasetningu. Jón Gunnar vill að fólk geri grein fyrir því hvað það ætlar sér í framtíðinni til að koma til greina sem landsliðsfólk.
- Stjórnin skiptir með sér verkum, líkt og verið hefur.
- Hvert er hlutverk varðandi dómaramál? Tillaga er frá Sigurði formanni TFK rædd. TSÍ gefur út dómarskírteini, sem þýðir að þetta er á okkar hendi. Skjöldur segir að skrá þurfi réttindi hvers og eins, þ.e. 1.2.og 3.stig. Búa til mót í lok námskeiðs. Jón Gunnar leggur til að fá námskeiðshaldara í þetta í gegnum ITF og einnig skoða hvort Steinunn geti aðstoðað ?
- Ingólfur segir frá því að HR ætli að taka upp tennis. Spurning um einhvers konar samstarf?
- Raj segir frá ferðum til Frakklands og Serbíu. Til Frakklands fóru 7 krakkar og einn til Serbíu, Birkir Gunnarsson. Þessar ferðir tókust mjög vel. Margir þjálfarar og spilarar og þyrfti að virkja samskipti við þá. Birkir fór einn til Serbíu. Hann hefði getað spilað í tvenndarleik, en það var ekki vitað fyrirfram. Því spilaði hann bara einn leik. Hann gróðursetti tré fyrir Íslands hönd Kannski út af því hann heitir þessu nafni? Vel heppnuð ferð.
- Mikil uppbygging framundan. Borið saman við borðtennis þá væri skrítið ef aðeins væru 3 borðtennisborð á Íslandi. Jónas talar um að komast inn á Íþróttaskólann á Laugarvatni eins og var áður fyrr.
- 180 krakkar voru í Tennisskólanum í Kópavogi í sumar. Þar var líka boðið upp á gæslu fyrir og eftir námskeið. Vel heppnuð og vinsæl námskeið.
- Vetrarstarfið er að byrja. Jón Gunnar telur það vera afar áhugavert með nýrri aðstöðu. Dagskrá vetrarins var send út.
- Talað um að Arnar sé í peningavandræðum. Þau mál eru þó í skoðun hjá Kópavogsbæ og fleirum.
- Ákveðið að hafa fund eftir tvær vikur.

Gunnar Finnbjörnsson ritari